



Reglur um efnistöku á hafnasvæði Dalvíkurbyggðar

1. Öll efnistaka innan hafnasvæða Dalvíkurbyggðar, eins og þau eru skilgreind í Reglugerð fyrir Dalvíkurhafnir, er háð leyfi hafnastjórnar.
2. Sá sem óskar eftir leyfi til efnistöku skal senda skriflega umsókn til stjórnar Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar. Þar komi fram hvaða efni umsækjandi hyggst taka, hvar og hve mikið hann áætlar að taka.
3. Leyfi vegna efnisstöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu. Svo og vinnslutíma og frágangi á efnistökuastað.
4. Um gjald fyrir efnistöku fer eftir gjaldskrá Dalvíkurbyggðar um gjald fyrir efnistöku.
5. Leyfi til efnistöku fellur úr gildi sé það ekki nýtt innan hálfis árs frá útgáfu.

Þannig samþykktar á fundi stjórnar Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar 30. ágúst 2007
Samþykkt á 168. fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 4. september 2007.